

Velkomin á Álfastein

Deildin okkar heitir Álfasteinn og dregur nafn sitt af stórum álfasteini sem við sjáum út um gluggana í vesturátt. Í þeim steini býr álfurinn Einbúi. Áður en við förum í jólafrí gefum við honum og öðrum góðum álfum afganginn af grjónagrautum okkar og þá verður Svangi Mangi að vera svangur einn dag, auminginn!!

Hóparnir á deildinni eru fjórir og heita allir álfanöfnum. Þeir eru: Blómálfar, Búálfar, Ljósálfar og Jarðálfar. Hóparnir hafa nóg að starfa eins og títt er um "álfa".

Út um gluggana á deildinni okkar sjáum við líka hluta af leikskólalóðinni sem snýr í suðvestur. Við sjáum dótaskúrinn okkar sem heitir Skipphóll, leiktæki, sandinn, trjádrumbana, sem geta verið allt á milli himins og jarðar, tré, runna og annan gróður í beðum, kössum og kirnum, sem við hlúum að og gætum vel.

Þegar við álfarnir erum inni, erum við einatt að dunda okkur við eitthvað skemmtilegt. Við reynum að halda róseminni og lokum gjarnan á milli herbergja til að trufla ekki starfsemina, sem getur verið margvísleg. Sumir kubba, aðrir leika í búðar- eða búleik, byggja úr skógarkubbum, fara í bílaleik eða tuskast með tuskudýrin, aðrir eru niðursokknir í tölvuna, að hlusta á sögu, teikna, klippa og líma en það er afar vinsælt enda eru álfar þjóðþekktir fyrir handlagni og iðjusemi.

Svo viljum við endilega vita hvað verður um allt það sem mannfólkið hendir, hvort einhvers staðar séu að hlaðast upp heilu fjallgarðarnir af fernum, dósnum, gleri og pappír, en í samverustundum lærum við í smáhópum að flokka þetta dót og fræðumst um endurnýtingu þess.

Stéttin, bekkir og borð eru sérstaklega vinsæl á sumrin en þá er nónhressing flutt út í síðdegissólina og stundum grípur okkur hreinlætisæði og við sópum allt og snurfusum, reytum arfa, þrífum hús og glugga og þá líður okkur voða vel á eftir. Vatnstunnan hún Garðalind sér okkur fyrir vatni í drullumallið og íslenski fáninn er dreginn að hún á afmælis- og tyllidögum. Opnu safnkassarnir og stóru Svanga Manga-tunnurnar ilma að vísu misvel við sína vinnu, en framleiðslan er fyrsta flokks molta sem hægt er að kaupa í lítratali hjá okkur.

Við viljum að mömmur og pabbar finni að þau eru velkomin á deildina okkar og gefi sér stundum tíma til að staldra við og fylgjast með lífinu í leikskólanum. Það geta þau í upphafi dags. Svona er lífið á Álfasteini!